

starfsafl

starfsmennt
samtaka atvinnulífsins
og flóabandalagsins

Starfsafl

Ársskýrsla
2011



STARFSMENNTA
VERÐLAUNIN
2010



Education and Culture DG

Lifelong Learning Programme



EFLING
REYKJAVÍK



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Efnisyfirlit

Efni	Bls.
1. Yfirlit starfsins 2011	2
2. Úthlutun styrkja	3
2.1 Einstaklingsstyrkir	
2.2 Styrkir til fyrirtækja og aðrir verkefnastykir	
3. Helstu verkefni Starfsafls árið 2011	11
4. stefnumótunarfundur Starfsafls í nóvember 2011	15
5. Starfsáætlun Starfsafls 2012	15
6. Fjárhagur Starfsafls	16
6.1 Rekstur 2011 – nokkrar lykiltölur	
6.2 Rekstraráætlun 2012	

Ársreikningar fylgja í sérhefti.

1. Yfirlit starfsins 2011

Árið 2011 einkenndist áfram af aðstæðum sem hófust í árslok 2008 þegar rekstrarörðugleikar og atvinnuleysi náði áður óþekktum hæðum meðal fyrirtækja og starfsmanna sem sjóðurinn sinnir. Það var von aðstandenda Starfsafls að félagsmenn og fyrirtæki myndu áfram nýta sér vel þjónustu Starfsafls á þessum erfiðleikatímum og gekk það eftir. Árið 2011 var metár í sögu sjóðsins hvað snertir úthlutun styrkja, einkum einstaklingsstyrkja.

Tekjur sjóðsins jukust einnig en náðu ekki að halda við útgjaldaaukningu. Starfsmenntagjald af launatekjum félagsmanna jókst hinsvegar nokkuð miðað við 2010 (5%) og var það fyrir séð vegna almennra launahækkana. Vergar vaxtatekjur jukust um 25% vegna breytts fyrirkomulags ávöxtunar. Sjóðurinn stendur enn vel þrátt fyrir bankahrunið haustið 2008 og náði að verja eigur sínar að öllu leyti.

Einstaklingsstyrkir árið 2011 voru 2.203 og jukust um 9% frá árinu 2010. Aldrei áður í sögu sjóðsins hafa jafnmargir styrkir verið veittir. Styrkumsóknum frá fyrirtækjum fækkaði um 13% frá árinu 2010 og eins fækkaði greiddum styrkjum til fyrirtækja hlutfallslega jafnmikið. Sjóðurinn hefur dregið úr styrkjum til námsefnisgerðar og má vera að það valdi þessari fækkun þar sem umsækjendur um slíka styrki telja að ekki svari kostnaði að sækja um til sjóðsins. Heildarupphæð útgreiddra fyrirtækja- og verkefnastyrkja lækkaði hins vegar minna eða um 10%, sem má skýra með eitthvað auknum kostnaði fræðsluaðila á kennda einingu.

Starfsafl hlaut veglega styrki frá Menntaáætlun ESB og er það sjóðnum mikil hvatning til að halda áfram að leita nýjunga, læra af öðrum þjóðum og bæta þjónustu sjóðsins.

Ég vil nota tækifærið og þakka stjórnarmönnum og samstarfsaðilum Starfsafls fyrir frábært samstarf og hvatningu á liðnu ári.

Reykjavík, í ágúst 2012,

Sveinn Aðalsteinsson
framkvæmdastjóri



2. Úthlutun styrkja

Meginhlutverk Starfsafls er að styrkja fyrirtæki og einstaklinga til starfsmenntunar eins og reglur Starfsafls segja til um.

Markmið styrkjanna, hvort sem er til einstaklinga eða fyrirtækja, er að efla starfsmenntun þannig að bæði starfsmaðurinn og fyrirtækið hagnist. Takmarkið er að auka samkeppnihæfni bæði fyrirtækja og almennra starfsmanna þess.

Starfsafl sinnti sem fyrr miklu kynningarstarfi á þessu sviði á árinu 2011. Farið var í heimsóknir til fyrirtækja, ýmist í fylgd með fulltrúum stéttarfélaganna á vinnustaðafundi eða að stjórnendur fyrirtækja voru heimsóttir.

2.1. Einstaklingsstyrkir


Á árinu 2011 voru veittir alls 2.203 styrkir til einstaklinga í Eflingu stéttarfélagi, Verkalýðsfélaginu Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis. Aldrei áður í sögu sjóðsins hafa verið veittir fleiri einstaklingsstyrkir. Það er um 9% aukning á fjölda miðað við 2010 og aðeins meiri fjöldi en árið 2009 sem þá var metár hjá sjóðnum. Fé til þessara styrkja jókst hlutfallslega meira, úr 62,6 m.kr. árið 2010 í 71,1 m.kr árið 2011 (Tafla 1). Styrkjum til íslenskukennslu fjölgaði um 10% en heildarupphæð hækkaði um 17%. Upphæð hvers íslenskustyrks hækkaði aðeins, vegna minni niðurgreiðslna ríkis og sveitarfélaga, eða að jafnaði úr tæplega 20 þús. kr. í rúmlega 21 þús. kr. pr. nemenda eða um 6% hærri upphæð.

Tafla 1. Fjöldi og heildarupphæð einstaklingsstyrkja Starfsafls 2010 og 2011.

	2010	2011	% breyting frá 2010
Fjöldi styrkja alls	2.009	2.203	+10%
Upphæð styrkja alls	62,6 m.kr	71,1 m.kr	+14%
Meðalupphæð styrks	31.160 kr	32.274 kr	+4%
Fjöldi íslenskustyrkja	583	643	+10%
Upphæð íslenskustyrkja alls	11,6 m.kr	13,6 m.kr	+17%
Meðalupphæð íslenskustyrks	19.897 kr	21.151 kr	+6%

Hámarks styrkupphæð einstaklingsstyrkja var óbreytt, 60.000 kr, árið 2011, en aldrei er þó meira styrkt en 75% kostnaðar, sem fyrr. Upphæð styrkja fer einnig eftir greiðslum félagsgjalda en fullur styrkur miðaðst við lágmarkslaun sl. 12 mánuða. Upphæð styrkupphæðar hefur verið óbreytt í nokkur ár en kostnaður við nám hefur sífellt aukist og meira er um að félagsmenn fari í lengra nám t.d. framhaldsskólanám og háskólanám. Upphæð uppsafnaðs þriggja ára einstaklingsstyrk var hækkuð í 180.000 kr á árinu en hafði lítið að segja í útgjöldum þar sem slíkir styrkir eru innan við 20 á ári.


Fjöldi einstaklingsstyrkja 2011



Mynd 1. Fjöldi umsókna um einstaklingsstyrki til Starfsafls árið 2011 og dreifing á nám.


Eins og fyrri ár er fjöldi styrkja mestur í íslensku, eða 29% allra styrkja (Mynd 1), og var óbreytt að hlutfalli miðað við 2010. Útlendingum hefur fækkað á vinnumarkaði í kjölfar hrunsins en enn er stöðug eftirspurn eftir íslenskunámi. Hlutfallslegur kostnaður við íslenskustyrki var hins vegar 19% (Mynd 2), sem er sama hlutfall og árið 2010. Hlutfallslegur fjöldi umsókna um meirapróf var 9% af heildarfjölda umsókna árið 2011 en hlutfallslegur kostnaður þessara styrkja var 17%, svipað og undanfarin ár. Hætt var að styrkja verklegt, almennt ökunám í apríl 2010 en bóklegt nám styrkt. Við það dró mjög úr kostnaði við þessa tegund náms eða úr 9% af kostnaði árið 2010 í um 5% árið 2011 (Mynd 2). Fjöldi styrkja í nám í formlega skólakerfinu heldur áfram að aukast og var samtals um 36% (háskólar, framhaldsskólar, iðnskólar, starfsnám, sérskólar) af fjölda en var um 28% árið 2010. Það má hugsanlega skýra með aukinni áherslu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins á að búa til námstækifæri fyrir atvinnulaust ungt fólk. Aðrar tegundir náms eru svipaðar og áður.

Hlutfallslegur kostnaður einstaklingsstyrkja 2011



Mynd 2. Hlutfallslegur kostnaður einstaklingsstyrkja Starfsafls árið 2011 á nám.

Þjóðerni umsækjenda 2011



Mynd 3. Hlutfallsleg skipting fjölda eftir þjóðerni umsækjenda.

Íslendingar sækja í sig veðrið með styrki, þeir voru 50% styrkþega árið 2011 en voru 41% árið 2010. Auk íslendinga voru pólværjar áberandi meðal styrkþega þó þeim hafi fækkað töluvert frá árinu áður, eða 26% (Mynd 3) í fyrra en voru 34% árið 2010. Þar á eftir koma litháar, víetnamar, lettar, filippseyingar og portúgalar, 2 – 4% hver þjóð. Aðrar þjóðir voru fámennari.

2.2. Styrkir til fyrirtækja og aðrir verkefnastyrkir

Alls bárust 86 umsóknir fyrirtækja um styrki á árinu 2011 sem er um 13% fækkun miðað við 2010. Premur umsóknum var hafnað eða frestað og óskað viðbótarupplýsinga sem er svipað og árið 2010 (4). Veitt voru 83 styrkloforð til fyrirtækja á árinu 2011 sem er um 13% minnkun frá 2010 (95 loforð). Greiddir voru alls út 70 styrkir til fyrirtækja (17% minna en 2010) að upphæð um 12,2 m.kr. Heildarupphæð verkefnastyrkja var svipuð og 2010, eða 14,8 m.kr eða er um 3% minni heildarupphæð miðað við 2010 (15,3 m.kr., Tafla 2). Stór hluti af þessari minnkun á heildarupphæð fyrirtækjastyrkja felst í minni og færri styrkjum til námsefnisgerðar og í fræðslustjóráverkefnið. Árið 2010 voru greiddar út tæp 1 m.kr. til íslenskukennslu fyrirtækja en samsvarandi upphæð árið 2011 var um 1,2 milljón kr (Tafla 2). Í fræðslustjóráverkefnin voru greiddar um 1 m.kr. árið 2011 en 1,8 m.kr. árið 2010 (Tafla 2). Það skýrist af aukinni þátttöku annarra fræðslusjóða í verkefninu sem komu inn í verkefnið árið 2010 og eitthvað færri verkefnum á árinu 2011.

Það vekur einnig athygli að Sjálfstyrkingarnám og stjórnendafræðsla hefur vaxið mikið milli árana 2010 og 2011, árið 2011 námu styrkir alls 16% af úthlutuðu fé miðað við 4% árið áður.


Af öðrum verkefnastyrkjum ber mest á styrkjum frá Menntaáætlun ESB (einkum Leonardo áætluninni) og þar komu inn tekjur á móti. Gerð verður nánari grein fyrir þeim styrkjum síðar í skýrslunni.

Starfsafl hefur meðvitað forgangsraðað fræðslustyrkjum á kostnað annarra verkefna t.d. á sviði námsefnisgerðar (3% kostnaðar árið 2011, 6% árið áður). Það hefur verið mat stjórnar að á meðan sjóðurinn er rekinn með halla þá skuli beinir fræðslustyrkir til fyrirtækja og einstaklinga njóta forgangs. Lægri styrkir hafa því ekki bitnað á starfsfræðslunni í fyrirtækjum. Þvert á móti hefur styrkjum fjölgað hægt og bitandi sl. ár og sífellt fleiri félagsmenn hafa notið fræðslu með fyrirtækjastuðningi Starfsafls. Þeir voru um alls um 2.250 árið 2011 sem er svipað og árið á undan. Þegar við bætast 2.203 einstaklingsstyrkir er ljóst að fræðslustyrkir Starfsafls ná til mikils fjölda þeirra starfsmanna sem greitt er af til sjóðsins. Hins vegar er ljóst að betur má ef duga skal og verður lögð meiri áhersla á kynningu á þjónustu sjóðsins meðal fyrirtækja á næstu árum.

Tafla 2. Fjöldi og heildarupphæð greiddra fyrirtækjastyrkja Starfsafls 2010 og 2011.


	2010	2011	% breyting frá 2010
Umsóknir fyrirtækja til Starfsafls	99	86	-13%
Samþykkt styrkloforð	95	83	-13%
Fjöldi greiddra styrkja alls	84	70	-17%
Greiddir fyrirtækjastyrkir	13,5 m.kr	12,2 m.kr	-10%
Þar af:			
Íslenskustyrkir til fyrirtækja	0,9 m.kr	1,2 m.kr	+33%
Fræðslustjóraverkefni	1,8 m.kr	1,0 m.kr	-44%
Aðrir verkefnastyrkir	1,9 m.kr	2,6 m.kr	+37%
Upphæð styrkja alls	15,3 m.kr	14,8 m.kr	-3%
Meðalupphæð fyrirtækjastyrks	160.207 kr	174.285 kr	+9%

Hlutfallslegur kostnaður fyrirtækjastyrkja 2010-11



Mynd 4. Samanburður á hlutfallslegum kostnaði við greidda styrki til fyrirtækja árin 2010 og 2011, flokkað eftir tegund starfsnáms eða verkefnum.

Hlutfallsleg skipting eftir atvinnugreinum 2010-11



Mynd 5. Samanburður á fjölda greiddra styrkja til fyrirtækja árin 2010 og 2011, flokkað eftir atvinnugreinum.

Að venju sóttu fyrirtæki um til fjölbreyttra verkefna (Tafla 3). Styrkveitingar til fyrirtækja vegna starfsmenntunar eru enn of lágar og ekki samræmi við markmið sjóðsins. Margt hefur áunnist en betur má ef duga skal.

Tafla 3. Dæmi um verkefni og umsækjendur um verkefnastyrki árið 2011.

Umsækjandi	Samstarf	Verkefni
Eimskip Ísland ehf.	Dale Carnegie	Stjórnendapjálfun
Farfuglar	RM ráðgjöf	Fræðslustjóri
Flughótelið H57	Gerum betur ehf	Þjónustunámskeið
FoodCo	Dale Carnegie	Stjórnendapjálfun
Fosshótel	Gerum betur ehf	Þjónustunámskeið
Garðlist	Vinnueftirlitið	Vinnuvélaréttindi
Glófi ehf.	Starfsmenn Glófa	Eigin fræðsla
Gunnars majones	Sýni	Meðferð matvæla
HB Grandi	Dale Carnegie	Leiðtogaþjálfun
Hótel Óðinsvé	Gerum betur ehf	Þjónustunámskeið
Hótel Rangá	Gerum betur ehf	Þjónustunámsk
Hreint ehf.	Starfsmenn Hreint	Eigin fræðsla
Icelandair Hotel Natura	Attentus	Fræðslustjóri
IGS	MSS/Vinnueftirlitið	Vinnuvélnámsk
ISS Ísland	Jafnréttishús	Íslenskukennsla
Ísfugl	Gerum betur ehf	Þjónustunámskeið
Íslenska Gamafélagið	Rauði krossinn	Skyndihjálp
Íslenskir fjallaleiðsmenn	Ýmsir erlendir aðilar	Leiðsögunámskeið
Íslandsbleikja	Maritech	Tölvunámskeið
Íslensk Ameríska	Gerum betur ehf	Þjónustunámskeið
Jarðboranir	Ýmsir erlendir aðilar	Bornámskeið
KFC	Shape	Heilsuefling
Kjörís	Sýni	Meðhöndlun matvæla
Kynnisferðir	Ýmsir aðilar	Ýmis námskeið
Lambhagi	Sýni	Matvælanámskeið
Loftorka	Erlendur aðili	Malbiksnámskeið
N1	HR	Stjórnun
Nings	Gerum betur ehf	Þjónustunámskeið
Olíuverslun Íslands	MSS	Fræðslustjóri
Plastprent	GCG ráðgjöf	Samskiptanámskeið
Samtök fiskvinnslustöðva	Ýmsir aðilar	Öryggi og heilbrigði
Securitas	ProMennt	Excel námskeið
Stjörnugrís	Sýni	HACCP gæðakerfi
Öryggismiðstöðin	Gerum betur ehf	Þjónustunámskeið

Markaðsstarf

Sem dæmi um markaðsstarf Starfsafls má nefna eftirfarandi atriði.

- Framkvæmdastjóri hefur skrifað greinar í dagblöð þar sem vakin er athygli á þjónustu Starfsafls. Þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að vekja athygli stjórnenda á starfsmenntamálum.
- Framkvæmdastjóri hefur einbeitt sér að skrifum í félagsblöð Eflingar, Hlífar og námskrá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum en öllum þessum blöðum er dreift ókeypis til félagsmanna. Þar tókum við dæmi um félagsmenn sem hafa notið fyrirgreiðslu (vitnisburður) og skilar það ágætum árangri. Í þessum blöðum er einnig efni á ensku. Reynt er að hafa auglýsingar bæði á ensku og íslensku. Jafnframt höfum við verið með auglýsingar í þessum blöðum sem við greiðum fyrir.
- Einnig er komið efni á framfæri í miðla Samtaka atvinnulífsins oft eftir ábendingum og vinnu stjórnarmanna SA í Starfsafl. Hefur oft skilað miklu í fyrirspurnum til Starfsafls.
- Starfsmenn Starfsafls taka þátt í vinnustaðafundum eins og kostur er, gjarnan með námsráðgjöfum Mímis (námsráðgjöf á vinnustað, sjá mimir.is). Hefur skilað töluverðu.
- Heimsóknir í fyrirtæki er sú leið sem hefur skilað bestum árangri. Rætt er við stjórnendur og skildir eftir bæklinga til starfsmanna varðandi einstaklingsstyrki, til að setja á kaffistofur. Ef stjórnendur eru jákvæðir þá koma þeir af stað fræðslu fyrir starfsmenn og sækja um styrki til sjóðsins. Þessi leið er tímafrek en skilar langsamlega mestu.
- Hafist var handa í lok árs 2008 að gera samninga við fræðsluaðila um að kynna þjónustu Starfsafls fyrir sínum viðskiptavinum og leiðbeiningar um umsóknir. Þessi aðferð hefur dugað vel og verður haldið áfram á sömu braut.
- Starfsmenn sjóðsins senda út rafrænt fréttabréf til ca 200 stærstu fyrirtækja á 30-45 daga fresti. 1 eða 2 fyrirtæki „bíta á agnið“ í hvert sinn. Þetta er ódýr leið en skilar ekki miklu í nýjum tenglum en minnir gamla viðskiptavini á þjónustu sjóðsins.
- Persónuleg tengsl við starfsmannastjóra og stjórnendur skipta miklu máli í starfi sjóðsins. Fræðslustjóri að láni er góð leið og breytir starfsmenntaumhverfi fyrirtækja, á því leikur enginn vafi, en þetta er frekar dýr leið og vinnufrek fyrir alla. Upp á langtímaárangur þá skilar þessi leið miklu.
- Framkvæmdastjóri hefur haldið erindi við ýmis tilefni og á ráðstefnum.



3. Helstu verkefni Starfsafls árið 2011.

Stjórnarfundir

Haldnir voru alls 14 stjórnarfundir á árinu 2011. Í stjórn sátu:

<i>Nafn</i>	<i>Tilnefningaraðili</i>	<i>Annað</i>
Árni Ingi Stefánsson	Samtök atvinnulífsins	
Guðrún S. Eyjólfsdóttir	Samtök atvinnulífsins	Stjórnarformaður til 1.8
María Guðmundsdóttir	Samtök atvinnulífsins	
Atli Lýðsson	Efling stéttarfélag (Flóabandalagið)	Stjórnarformaður frá 1.8
Kolbeinn Gunnarsson	Verkalýðsfélagið Hlíf (Flóabandalagið)	
Guðjón H. Arngrímsson	Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur (Flóabandalagið)	

Áfram var haldið á þeirri braut sem tekin var upp í árslok 2006 að halda stjórnarfundum hjá fyrirtækjum og kynna um leið starfsemi Starfsafls fyrir stjórnendum. Um leið fékk stjórn og starfsmenn Starfsafls mikilvæga kynningu og upplýsingar um starf fyrirtækjanna. Verður haldið áfram á sömu braut eftirleidis, eftir því sem kostur er. Aðstæður fyrirtækja til að taka á mótum heimsóknum eru þó eðlilega misjafnar. Fréttir af þessum heimsóknum eru settar jafnóðum á heimasíðu Starfsafls, www.starfsafl.is.

Aðrar heimsóknir

Starfsmenn Starfsafls fóru þar fyrir utan í heimsóknir á vinnustaði ýmist með stjórnarformanni til að hitta stjórnendur eða með fulltrúum Eflingar og annarra stéttarféлага innan Starfsafls til að kynna sjóðinn fyrir félagsmönnum félaganna.



*Ön í dal.
v.st.
tri.*

Þróun nýrra námsleiða og úrræða fyrir einstaklinga og fyrirtæki

Matvælavinnslunám

Árið 2010 var gefin út námskrá á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um Meðferð matvæla. Námið er 60 kennslustundir og er árangur langrar vinnu margra aðila, m.a. Eflingar stéttarfélags, Sýni ehf, fulltrúar Matvælastofnunar, Landsmenntar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, undir verkstjórn Starfsafls. Byggt var á námskeiðum og námsefni frá Rannsóknþjónustunni Sýni ehf en sem kunnugt er hefur fyrirtækið verið leiðandi á sviði námskeiða fyrir starfsmenn í matvælavinnslu, ekki síst almenna starfsmenn. Árið 2011 var unnið að gerð framhaldsnámskrár, viðbót við námið, sem

ætlað er gæðastjórum matvælafyrirtækja. Búast má við að sú námskrá verði tilbúin árið 2012.

Fræðslustjóri að láni

Starfsafl hefur um árabíl verið í samstarfi við Landsmennt í verkefninu Fræðslustjóri að láni en árið 2009 tókst samstarf við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks (VR/LÍV) sem hefur gefið verkefninu enn frekari slagkraft. Árið 2011 var engin undantekning í því, unnið var áfram með eða án aðkomu annarra sjóða í að koma verkefninu á í ýmsum atvinnugreinum og fyrirtækjum. Forsvarsmenn fyrirtækjanna töluðu um að aðkoma mannauðsráðgjafa hefði breytt viðhorfum millistjórnenda og annarra til símenntunar og starfspróunar. Samstarfsaðilar í verkefninu voru sem fyrr Minerva/Attentus, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og á árinu bættist RM ráðgjöf við. Það er mat Starfsafls að þessi nálgun eigi eftir að skila sér í breyttum og jákvæðum viðhorfum til starfsmenntunar og miklum árangri í framtíðinni. Aðkoma SVS og fleiri sjóða hefur þýtt að verkefnið hefur náð til mun fleiri starfsmanna á þjónustusvæði Starfsafls og dregið mjög úr kostnaði Starfsafls vegna þessa verkefnis. Sjá einnig umfjöllun um ESB verkefni hér á eftir.



Sameiginlegt eyðublað fræðslusjóða

Starfsafl, Landsmennt og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks náðu samkomulagi á árinu 2009 þess efnis að þróa sameiginlegt rafrænt umsóknareyðublað fyrir fyrirtæki til sjóðanna. Eyðublaðið var tilbúið árið 2010 og hefur gefið afar góða raun í þá veru að auðvelda fyrirtækjum að sækja sér styrki til margra sjóða í einu. Eyðublaðið var uppfært á árinu 2011 og skipt þá um hýsingaraðila eyðublaðsins, sem gaf góða raun.

Undirbúningur rafræns farnáms (mobile assisted learning)

Vinnuhópur undir forystu Samtaka ferðaþjónustunnar sem samanstóð af fulltrúum Starfsafls, Landsmenntar, Eflingar stéttarfélag, VR, Samtaka verslunar- og þjónustu og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks ásamt Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sóttu um styrk til þróunarsjóðs framhaldsfræðslu til að vinna að þróun rafræns farnáms. Styrkur, um 1,1 m.kr. fékst til verksins og vann hópurinn að undirbúningi verksins seinni hluta árs 2011. Verkefninu lauk árið 2012.

Afmælisráðstefna Starfsafls og Landsmenntar

Starfsafl og Landsmennt fögnuðu 10 ára afmæli í mars 2011 með stuttri og velsótttri afmælisráðstefnu á Hótel Sögu. Ráðstefnan tókst vel og var gerður góður rómur að erindum framsögumanna.

Kolbeinn Gunnarsson, formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar og stjórnarmaður í Starfsafl frá upphafi, gerði grein fyrir aðdraganda og stofnun sjóðanna. Kristín Njálsdóttir, forstöðumaður Landsmenntar og Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Starfsafls, fóru yfir helstu verkefni sjóðanna frá upphafi og helstu áherslum í starfinu um þessar mundir. Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Framsýnar stéttarfélags og stjórnarmaður í Landsmennt, fór yfir sýn og áherslur stéttarfélaganna í fræðslumálum og þátt þeirra í starfi sjóðanna. Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins, fór yfir fræðslustarf ÍGF og hvernig félagið hefur nýtt sér þjónustu Fræðslustjóra að láni sem sjóðirnir, ásamt SVS, buðu félaginu upp á. Berglind Freyja Búadóttir, nemandi í Háskólabrú Keilis, fór yfir sinn námsferil, sem sjóðirnir hafa styrkt, allt frá þátttöku í Grunnmenntaskólanum yfir í Háskólabrú Keilis, og uppskar mikið lof fyrir sitt innlegg. Er óhætt að segja að frásögn hennar hafi hrifið alla þátttakendur en þeir voru um 100 talsins. Brian Daniel Marshall, fræðslustjóri Norðuráls, fór yfir fræðslustarf félagsins sem er víðtækt og fjölþætt.



segir
æfnu
ar.

Í lok ráðstefnunnar fóru fram pallborðsumræður með þátttöku þeirra Hjördísar Þ. Sigurþórsdóttur, formanns AFLs starfsgreinafélags, Jóns Þóris Frantzsonar, forstjóra ÍGF, Sigurðar Bessasonar, formanns Eflingar stéttarfélags og Auðar Þórhallsdóttur, fræðslustjóra Samskips. Þeim bar öllum saman um fræðslusjóðirnir væru komnir til að vera, að þeir hefðu unnið feikigott starf og hlúa þyrfti að þætti menntunar og þjálfunar, ekki síst á erfiðum tímum í atvinnulífi landsmanna. Umræðurnar voru líflegar og áheyrendur í sal tóku þátt með því að beina spurningum og athugasemdum til pallborðsins. Fundarstjóri var Marianna Traustadóttir, fyrsti framkvæmdastjóri Starfsafls.

Sem fyrr segir þótti ráðstefnan takast mjög vel og fengu aðstandendur hennar að heyra mörg jákvæð viðbrögð frá þátttakendum.

Þáttaka í Evrópuverkefnum

Mannaskiptaáætlun Leonardo

Starfsafl hefur í nokkur ár átt samstarf við Eflingu stéttarfélag um umsókn og utanumhald vegna mannskíptaverkefna á vegum starfsmenntaáætlunar ESB eða Leonardo verkefna. Umsókn var send inn í ársbyrjun 2011 og var samþykkt um mitt ár. Styrkurinn verður notaður til að senda 10 einstaklinga, Eflingarfélaganna, frá 4 fyrirtækjum þ.e. Eflingu stéttarfélagi (sem sendir atvinnuleitendur), ISAVIA, Kjörís og Skeljungu, til vinnustaða á Norðurlöndunum í vikubjálfun. Styrkurinn er að upphæð 2,6 m.kr. og er notaður til að kosta ferðir og uppihald starfsmanna eða atvinnuleitenda. Ferðir sem þessar hafa áður verið styrktar af Leonardo áætluninni og hafa tekist afskaplega vel og skilað miklum árangri. Ferðirnar verða farnar innan tveggja ára þegar hentar viðkomandi

starfsmönnum og fyrirtækjum. Móttökufyrirtækið greiðir götu félagsmanna Eflingar erlendis og sér þeim fyrir þjálfun og kynningu á vinnubrögðum og tækni sem starfsmenn flytja síðan með sér heim til síns heimavinnustaðar á Íslandi. Öllum fyrirtækjum á póstlista Starfsafls var boðið að taka þátt og ofangreind fyrirtæki urðu fyrir valinu enda undirbjuggu þau umsóknina vandlega með aðstoð starfsmanna Starfsafls. Styrkurinn er mikil viðurkenning á starfi Starfsafls.

Yfirfærsluverkefni „Fræðslustjóri að láni“

Starfsafl undirritaði haustið 2011 samning um styrk frá ESB í Leonardo menntáætluninni vegna útflutnings á verkefninu "Fræðslustjóri að láni". Verkefnið er til tveggja ára og snýst um að flytja út hugmyndafræði "Fræðslustjóra að láni" til Austurríkis og Spánar. Styrkurinn nemur um 194.000 evrum og þar af eru 53.500 evrur (ca 8,7 mkr) eyrnamerkta Starfsafl, sem er verkefnisstjóri.

Verkefnið *T-Planner (Training Planner) for SMEs* eða Fræðslustjóri fyrir smáfyrirtæki miðar að því að flytja út hugmynd sem þróuð hefur verið á Íslandi sbr. umfjöllun hér að ofan um verkefnið. Verkefnastyrkurinn verður notaður til að þjálfa ráðgjafa á þessu sviði í Vín í Austurríki og í Bilbao á Spáni.

Samstarfsaðilar verkefnisins eru Starfsafl fræðslusjóður, Attentus mannauður og ráðgjöf ehf., BEST Training and Consultancy í Vín og FF Euskadi í Bilbao á Spáni. Starfsafl og Attentus mannauður og ráðgjöf ehf. hafa yfir 4ra ára reynslu í þróun hugmyndafræðinnar á bakvið Fræðslustjóra að láni í yfir 40 fyrirtækjum með um 4000 starfsmenn í ýmsum atvinnugreinum. BEST og FF Euskadi eru þekkt símenntunarfyrirtæki á sínu starfssvæði og með mikla reynslu af alþjóðlegum verkefnum.

Niðurstöður verkefnisins eru m.a. heimasíða, handbók fyrir ráðgjafa og þróun námskeiðs fyrir ráðgjafa auk tilraunaverkefna meðal smáfyrirtækja í Austurríki og á Spáni. Jafnframt erum við fullviss um að verkefnið Fræðslustjóri að láni verði þróað enn frekar með samvinnu af þessu tagi, til hagsbóta fyrir íslenskt atvinnulíf.



4. Stefnumótunarfundur Starfsafls í nóvember 2011

Þann 21. nóvember 2011 héldu stjórn og starfsmenn Starfsafls stefnumótunarfund. Áhersla var sem fyrr lögð á viðbrögð við samdrætti á vinnumarkaði samfara aukinni eftirspurn eftir fé sjóðsins en minnkandi tekjum sjóðsins. Þessum niðurstöðum var safnað saman og þær útfærðar betur í sérstakri verkefnaáætlun en ágríp af henni fylgir hér á eftir.

5. Starfsáætlun Starfsafls 2012

Verkefni:

- Verkefni:* Einstaklingsstyrkir. Sjóðurinn mun kappkosta að halda nánast óbreyttu þjónustustigi við einstaklinga þrátt fyrir að það þýði að ganga verði á eigið fé sjóðsins.

Leiðir: Upphæðir einstaklingsstyrkja verði óbreyttar áfram.

Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls

Tímarammi: Stöðug virkni allt árið 2012
- Verkefni:* Sjóðurinn mun kappkosta að halda nánast óbreyttu þjónustustigi við fyrirtæki þrátt fyrir að það þýði að ganga verði á eigið fé sjóðsins.

Leiðir: Áfram verður unnið að verkefninu Fræðslustjóri að láni. Lögð verður áhersla á eftirfylgni starfsmanna sjóðsins við fyrirtæki þannig að símenntunaráætlanir komist til framkvæmda. Lögð verður sérstök áhersla á lítil og meðalstór fyrirtæki (1-50 starfsmenn). Byggt verður á samstarfi við SVS og Landsmenntun við kostun fræðslustjóra að láni sem þýðir minni útgjöld fyrir Starfsafl en óbreytt eða aukin þjónusta við fyrirtæki. Dregið verður úr aðstoð vegna námsefnisgerðar. Sett hámark á styrki pr. kennda kennslustund.

Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls

Tímarammi: Stöðug virkni allt árið 2012
- Verkefni:* Áhersla á að kynna rafrænt farnám fyrir atvinnulífið.

Leiðir: Samstarf við FA, SAF, SVP, aðra starfsmenntasjóði og erlenda aðila.

Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls ásamt SAF.

Tímarammi: Verklok í ársbyrjun 2012
- Verkefni:* Áhersla á nýtt nám fyrir matvælaíðnaðinn með það að markmiði að búa til heilstætt 150-200 kest nám fyrir gæðastjóra.

Leiðir: Samstarf við Síni. Tilraunanámskrá grunnnáms í matvælaíðnaði var kennd fyrri hluta árs 2010 og verður byggt á þeirri reynslu.

Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls

Tímarammi: Stöðug virkni allt árið 2012
- Verkefni:* Áhersla á gæðamál, m.a. með notkun úttektarferils sem Starfsafl hefur þróað.

Leiðir: Samstarf við FA o.fl.

Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls

Tímarammi: Stöðug virkni allt árið 2012 og áfram

6. Fjárhagur Starfsafls

6.1 Rekstur 2011 – nokkrar lykiltölur

Sem fyrr segir þá var Starfsafls rekinn með halla árið 2011 vegna aukinnar eftirspurnar, sérstaklega á sviði einstaklingsstyrkja. Tekjur jukust nokkuð en náðu ekki að standa undir útgjöldum.

Tekjur sjóðsins (tekjur og fjármagnstekjur) árið 2011 voru 96,2 m.kr. (2010: 86,1 m.kr.), útgjöld (styrkir og rekstur) voru 109,0 m.kr (2010: 96,7 m.kr.) og eigið fé minnkaði um 12,8 m.kr (2010: minnkun 10,6 m.kr.) Eignir sjóðsins í árslok voru 146,5 m.kr (2010: 159,3 m.kr.). Breytt var um ávöxtunarleið höfuðstóls sjóðsins á árinu og gaf það meiri fjármagnstekjur. Með auknum hagvexti í þjóðfélaginu má reikna með auknum tekjum sjóðsins en svo virðist sem eftirspurn aukist í sama takti eftir fyrirgreiðslu sjóðsins. Því er óvíst hvort hallarekstur sjóðsins hverfi á næstu árum.

6.2 Rekstraráætlun 2012 – nokkrar lykilstærðir

Rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2012 gerir ráð fyrir 9% hærri tekjum af starfsmenntagjaldi vegna launahækkana og minna atvinnuleysis. Bráðabirgðatölur sjóðsins benda til þessa. Um þetta ríkir hins vegar töluverð óvissa og eins með ávöxtun sjóða. Prósentutölur í svigum tilgreina áætlaða breytingu frá árinu 2011.

Áætlaðar tekjur ársins 2012:

- Framlög stéttarféлага (óbreytt)	7.000 þús kr
- Framlag starfsmenntagjalds, 0,20% (9%)	80.738 þús kr
- Aðrir styrkir (innheimta loforða og Leonardo, 10%)	3.423 þús kr
- Vaxtatekjur (5%)	<u>12.658 þús kr</u>
Tekjur ársins samtals, áætlun (3%):	103.819 þús kr

Áætluð útgjöld 2012

- Laun, húsaleiga og annar rekstur (-3%)	22.491 þús kr
- Einstaklingsstyrkir (+11%)	78.938 þús kr
- Verkefnastykir (+3%)	<u>15.223 þús kr</u>
Útgjöld og styrkir ársins samtals, áætlun (+7%):	116.652 þús kr

Tekjur umfram gjöld -12.833 þús kr

Áætlaðar eignir í lok árs 2012 (-9%) 133.674 þús kr

Kostnaður við styrkkrónu 2006:	0,59 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2007:	0,42 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2008:	0,34 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2009:	0,23 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2010:	0,24 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2011:	0,27 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2012, skv. áætlun:	0,24 kr

Vegna óuppgerðra greiðslna milli Eflingar og Starfsafls frá árinu 2010, sem féll á 2011, var rekstrarkostnaður hærri á árinu 2011 en eðilegt má teljast (og kostnaður að sama skapi lægri fyrir 2010). Þetta endurspeglast í mismunandi kostnaði pr. styrkkrónu fyrir þessi ár. Á árinu 2012 er gert ráð fyrir að þessar greiðslur séu komnar í jafnvægi og því má búast við að rekstrarkostnaður lækki árið 2012 miðað við 2011.

Líkur eru á að árið 2012 verði hagstætt að einu leyti fyrir tekjur sjóðsins en það eru styrkir frá ýmsum aðilum. Við það mun rekstrarkostnaður aukast eitthvað á móti en í staðinn mun verða til enn meiri þekking hjá sjóðnum til að sinna hlutverki sínu betur. Gert er ráð fyrir minnkandi atvinnuleysi árið 2012 en tekjuaukning sjóðsins vegna þessa dugar sennilega ekki því vísbendingar eru um að eftirspurn eftir einstaklingsstyrkjum haldi áfram að aukast. Því er útlit fyrir áframhaldandi hallarekstur á sjóðnum.